- 1) Fella ber inn í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 frá 25. nóvember 2015 um ráðstafanir varðandi opinn netaðgang og um breytingu á tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og reglugerð (ESB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2352 frá 16. desember 2015 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu ⁽²⁾.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 5cu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012):

„, eins og henni var breytt með:

- **32015 R 2120:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 frá 25. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5cua (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1203/2012):

„5cub. **32015 R 2352:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2352 frá 16. desember 2015 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu (Stjútíð. ESB L 331, 17.12.2015, bls. 7).“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5oab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004):

„5ob. **32015 R 2120:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 frá 25. nóvember 2015 um ráðstafanir varðandi opinn netaðgang og um breytingu á tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og reglugerð (ESB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (Stjútíð. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/2120 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2352, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 331, 17.12.2015, bls. 7.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 93/2016

2017/EES/73/28

frá 29. apríl 2016

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/130 frá 1. febrúar 2016 um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 21. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 R 0130:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/130 frá 1. febrúar 2016 (Stjútíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 46).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/130, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 46.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2016

2017/EES/73/29

frá 29. apríl 2016

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2087 frá 18. nóvember 2015 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 L 2087**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2087 frá 18. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 302, 19.11.2015, bls. 99).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2015/2087, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 302, 19.11.2015, bls. 99.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 95/2016

2017/EES/73/30

frá 29. apríl 2016

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2338 frá 11. desember 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur um flugrita, neðansjárstaðsetningarbúnað og kerfi fyrir ferilskráningu loftfars⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66nf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 R 2338**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2338 frá 11. desember 2015 (Stjútíð. ESB L 330, 16.12.2015, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/2338, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 330, 16.12.2015, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 96/2016

2017/EES/73/31

frá 29. apríl 2016

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2322 frá 10. desember 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við á eftir lið 66zab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 R 2322**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2322 frá 10. desember 2015 (Stjútíð. ESB L 328, 12.12.2015, bls. 67).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2322, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 328, 12.12.2015, bls. 67.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 97/2016****2017/EES/73/32****frá 29. apríl 2016****um breytingu á XVI. viðauka við EES-samninginn (Opinber innkaup)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 114, 5.5.2015, bls. 24.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB ⁽³⁾.
- 4) Tilskipun 2014/24/ESB fellir niður tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB ⁽⁴⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 5) Tilskipun 2014/25/ESB fellir niður tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB ⁽⁵⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 6) XVI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Breytingar eru gerðar á XVI. viðauka við EES-samninginn, þ.m.t. 1.–14. viðbæti við þann viðauka, eins og tilgreint er í viðaukanum við ákvörðun þessa.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipana 2014/23/ESB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 114, 5.5.2015, bls. 24, 2014/24/ESB og 2014/25/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1.⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65.⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243.⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114.⁽⁵⁾ Stjútíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1.^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

VIÐAUKI VIÐ ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 97/2016

frá 29. apríl 2016

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVI. viðauka við EES-samninginn (Opinber innkaup), þ.m.t. 1.–14. viðbæti við þann viðauka, eins og tilgreint er eftirfarandi greinum.

1. gr.

Orðin „2014/23/ESB, 2014/24/ESB og 2014/25/ESB“ koma í stað orðanna „tilskipanir 2004/17/EB og 2004/18/EB“ í 1. mgr. aðlögunarákvæðanna.

2. gr.

Í stað 2. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB) kemur eftirfarandi:

„2. **32014 L 0024:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Skilja ber tilvísanir til 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sem tilvísanir til 61. gr. EES-samningsins.
- b) Skilja ber tilvísanir til 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sem tilvísanir til 123. gr. EES-samningsins.
- c) Ákvæði 1.-3. viðbætis við þennan viðauka eru I., III. og XI. viðauka til fyllingar.
- d) Í 73. gr. skal skilja orðin „sáttmálunum og þessari tilskipun sem lýst hefur verið yfir af Evrópuþingsmálum með málsmeðferð skv. 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ sem „samkvæmt EES-samningnum og þessari tilskipun sem lýst hefur verið yfir af EFTA-dómstólum með málsmeðferð skv. 31. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.“
- e) Ákvæði 25. gr. gilda ekki.
- f) Tilvísanir til samþykta Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar í X. viðauka skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein. Liechtenstein mun aftur á móti tryggja samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í samþykktum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar í X. viðauka.“

3. gr.

Í stað 4. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB) kemur eftirfarandi:

„4. **32014 L 0025:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstpjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Skilja ber tilvísanir til 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sem tilvísanir til 61. gr. EES-samningsins.
- b) Ákvæði 43., 85. og 86. gr. gilda ekki.
- c) Skilja ber tilvísanir til 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sem tilvísanir til 123. gr. EES-samningsins.

- d) Í 90. gr. skal skilja orðin „sáttmálunum og þessari tilskipun sem lýst hefur verið yfir af Evrópudómstólnum með málsmeðferð skv. 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ sem „samkvæmt EES-samningnum og þessari tilskipun sem lýst hefur verið yfir af EFTA-dómstólnum með málsmeðferð skv. 31. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.“
- e) Tilvísanir til samþykta Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í X. viðauka skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein. Liechtenstein mun aftur á móti tryggja samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í samþykktum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í X. viðauka.“

4. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. lið (tilskipun ráðsins 89/665/EBE) og lið 5a (tilskipun ráðsins 92/13/EBE):

„– **32014 L 0023:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 114, 5.5.2015, bls. 24).“

5. gr.

Eftirfarandi texti bætist við á eftir lið 6e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/55/ESB):

„6f. **32014 L 0023:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 114, 5.5.2015, bls. 24.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Skilja ber tilvísanir til 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sem tilvísanir til 123. gr. EES-samningsins.
- b) Í stað c-liðar 44. gr. kemur eftirfarandi:
- „EFTA-dómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu, með málsmeðferð skv. 31. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, að EFTA-ríki hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum með því að samningsyfirvald eða samningsstofnun, sem tilheyrir EFTA-ríkinu, hefur veitt viðkomandi sérleyfi án þess að fara að skyldum sínum samkvæmt EES-samningnum og þessari tilskipun.“
- c) Tilvísanir til samþykta Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í X. viðauka skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein. Liechtenstein mun aftur á móti tryggja samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í samþykktum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í X. viðauka.“

6. gr.

Í stað 1.–14. viðbættis kemuri eftirfarandi:

„1. viðbætur

SKRÁ YFIR YFIRVÖLD Á VEGUM RÍKISINS SEM UM GETUR Í ANNARRI UNDIRGREIN 1. MGR. 2. GR. TILSKIPUNAR 2014/24/ESB

I. ÍSLAND:

Forsætisráðuneytið	Prime Minister's Office
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	Ministry of Industries and Innovation
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Ministry of Finance and Economic Affairs
Innanríkisráðuneytið	Ministry of the Interior
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Ministry of Education, Science and Culture
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Ministry for the Environment and Natural Resources
Útanríkisráðuneytið	Ministry for Foreign Affairs
Velferðarráðuneytið	Ministry of Welfare

II. LIECHTENSTEIN:

Regierung des Fürstentums Liechtenstein

Government of the Principality of Liechtenstein

III. NOREGUR

Statsministerens kontor	Office of the Prime Minister
Arbeids- og sosialdepartementet	Ministry of Labour and Social Affairs
Barne-, likestillings- og inkluderingsdepartementet	Ministry of Children, Equality and Social Inclusion
Finansdepartementet	Ministry of Finance
Forsvarsdepartementet	Ministry of Defence
Helse- og omsorgsdepartementet	Dept. of Health and Human Services.
Justis- og beredskapsdepartementet	Ministry of Justice and Public Security
Klima- og Energiministeriet	Ministry of Climate and Environment
Kommunal- og moderniseringsdepartementet	Ministry of Local Government and Modernisation
Kulturdepartementet	Ministry of Culture
Kunnskapsdepartementet	Ministry of Education and Research
Landbruks- og matdepartementet	Ministry of Agriculture and Food
Nærings- og fiskeridepartementet	Ministry of Trade, Industry and Fisheries
Olje- og energidepartementet	Ministry of Petroleum and Energy
Samferdselsdepartementet	Ministry of Transport and Communication
Utenriksdepartementet	Ministry of Foreign Affairs

Skrifstofur og stofnanir sem heyra undir þessi ráðuneyti.

2. viðbætur

SKRÁ YFIR VÖRURNAR, SEM UM GETUR Í B-LIÐ 4. GR. TILSKIPUNAR 2014/24/ESB, MEÐ HLÍÐSJÓN AF SAMNINGUM SEM SAMNINGSYFIRVÖLD GERA Á SVIÐI VARNARMÁLA

ÍSLAND

LIECHTENSTEIN

NOREGUR:

Eini textinn sem við á, er þessa tilskipun varðar, er textinn í 2. lið 4. viðauka við samninginn um opinber innkaup (GPA) sem eftirfarandi viðmiðunarskrá yfir vörur byggist á:

25. kafli: Salt, brennisteinn, mold og steintegundir, gipsefni, kalk og sement
26. kafli: Málmgrýti, gjall og aska
27. kafli: Eldsneyti úr steinaríkinu, jarðolúur og efni eimd úr þeim, jarðbiksefni, jarðvax, þó ekki:
úr 27.10: tiltekið vélaeldsneyti
28. kafli: Ólífræn kemísk efni, lífræn eða ólífræn sambönd góðmálma, sjaldgæfra jarðmálma, geislavirkra frumefna og samsætna, þó ekki:
úr 28.09: sprengiefni
úr 28.13: sprengiefni
úr 28.14: táragas
úr 28.28: sprengiefni
úr 28.32: sprengiefni
úr 28.39: sprengiefni

- úr 28.50: eiturefni
- úr 28.51: eiturefni
- úr 28.54: sprengiefni
- 29. kafli: Lífræn íðefni, þó ekki:
 - úr 29.03: sprengiefni
 - úr 29.04: sprengiefni
 - úr 29.07: sprengiefni
 - úr 29.08: sprengiefni
 - úr 29.11: sprengiefni
 - úr 29.12: sprengiefni
 - úr 29.13: eiturefni
 - úr 29.14: eiturefni
 - úr 29.15: eiturefni
 - úr 29.21: eiturefni
 - úr 29.22: eiturefni
 - úr 29.23: eiturefni
 - úr 29.26: sprengiefni
 - úr 29.27: eiturefni
 - úr 29.29: sprengiefni
- 30. kafli: Vörur til lækninga
- 31. kafli: Áburður
- 32. kafli: Sútunar- og litakjarnar; tannín og afleiður þeirra; leysilitir, dreifulitir og önnur litarefni; málning og lökk; kítí og önnur þéttiefni; blek
- 33. kafli: Rokgjarnar olíur og resinóíð; ilmörur, snyrtivörur eða hreinlætisvörur
- 34. kafli: Sápa, lífræn yfirborðsvirk efni, þvottaefni, smurefni, gervivax, unnið vax, fægi- og ræstiefni, kerti og áþekkar vörur, mótunarefni og „tannvax“
- 35. kafli: Albúmínkennd efni; lím; ensím
- 37. kafli: Ljósmynda- og kvikmyndavörur
- 38. kafli: Ýmsar kemískar vörur, þó ekki:
 - úr 38.19: eiturefni
- 39. kafli: Gerviresín og plastefni, sellúlósaesterar- og etrar og vörur úr því, þó ekki:
 - úr 39.03: sprengiefni

40. kafli: Gúmmí, gervigúmmí, faktis og vörur úr því, þó ekki:
úr 40.11: skotheldir hjólbarðar
41. kafli: Óunnar húðir og skinn, (þó ekki loðskinn) og leður
42. kafli: Vörur úr leðri; reiðtygi og aktygi; ferðabúnaður, handtöskur og áþekkar hirslur; vörur úr dýraþörmum (þó ekki silkiormaþörmum)
43. kafli: Loðskinn og loðskinnsgervi; framleiðsla úr þeim
44. kafli: Viður og vörur úr við; viðarkol
45. kafli: Korkur og vörur úr korki
46. kafli: Framleiðsla úr hálm, espartó og öðrum fléttiefnum; körfugerðarvörur, og tágasmíði
47. kafli: Efni til pappírsgerðar
48. kafli: Pappír og pappi; vörur úr pappírseigi, pappír eða pappa
49. kafli: Prentaðar bækur, blöð, myndir og aðrar vörur prentaðar; handrit, vélrit og uppdrættir
65. kafli: Höfuðfatnaður og hlutar til hans
66. kafli: Regnhlífur, sólhlífur, göngustafir, svipur, keyri og hlutar til þeirra
67. kafli: Unnar fjaðrir og dúnn og vörur úr fjöðrum eða dún; gerviblóm; vörur úr mannhári
68. kafli: Vörur úr steini, gipsefni, sementi, asbesti, gljásteyni eða áþekktum efnum
69. kafli: Leirvörur
70. kafli: Gler og glervörur
71. kafli: Perlur, eðalsteinar eða hálfedalsteinar, góðmálmar, málmar klæddir góðmálmi, og vörur úr þessum efnum; glysvarningur
73. kafli: Vörur úr járn eða stáli
74. kafli: Kopar og vörur úr honum
75. kafli: Nikkill og vörur úr honum
76. kafli: Ál og vörur úr því
77. kafli: Magnesíum og beryllíum og vörur úr þeim
78. kafli: Blý og vörur úr því
79. kafli: Sink og vörur úr því
80. kafli: Tin og vörur úr því
81. kafli: Aðrir ódýrir málmar notaðir í málmvinnslu og vörur úr þeim
82. kafli: Verkfæri, áhöld, eggjárn, skeiðar og gafflar, úr ódýrum málm; hlutar til þeirra, þó ekki:
úr 82.05: handverkfæri
úr 82.07: verkfæri, hlutar
83. kafli: Ýmsar vörur úr ódýrum málm

84. kafli: Katlar, vélbúnaður og vélræn tæki; hlutar til þeirra, þó ekki:
- úr 84.06: hreyflar
 - úr 84.08: aðrir hreyflar
 - úr 84.45: vélbúnaður
 - úr 84.53: sjálfvirkar gagnavinnsluvélar
 - úr 84.55: hlutar vélbúnaðar í 84.53
 - úr 84.59: kjarnakljúfar
85. kafli: Rafbúnaður og -tæki og hlutar til þeirra, þó ekki:
- úr 85.13: fjarskiptabúnaður
 - úr 85.15: senditæki
86. kafli: Eimreiðar, vagnar og hlutar til þeirra fyrir járnbrautir eða sporbrautir, þó ekki:
- úr 86.02: brynvarðar eimreiðar, rafknúnar
 - úr 86.03: aðrar brynvarðar eimreiðar
 - úr 86.05: brynvarðir vagnar
 - úr 86.06: viðgerðarvagnar
 - úr 86.07: vagnar
87. kafli: Ökutæki, þó ekki járnbrautar- eða sporbrautarvagnar, og hlutar til þeirra, þó ekki:
- úr 87.01: dráttarbifreiðar
 - úr 87.02: hernaðarökutæki
 - úr 87.03: gálgabifreiðar
 - úr 87.08: skriðdrekar og önnur brynvarin ökutæki
 - úr 87.09: bifhjól
 - úr 87.14: tengivagnar
89. kafli: Skip, bátar og fljótandi mannvirki, þó ekki:
- úr 89.01A: herskip
90. kafli: Áhöld og tækjabúnaður til optískra nota, ljósmyndunar, kvikmyndunar, mælinga, prófunar, nákvæmnivinnu, lyflækninga eða skurðlækninga; hlutar til þeirra, þó ekki:
- úr 90.05: sjónaukar
 - úr 90.13: ýmis tæki, leysitæki
 - úr 90.14: fjarmælar
 - úr 90.28: rafmagns- og rafeindamælitæki
 - úr 90.11: smásjár
 - úr 90.17: lækningatæki

- úr 90.18: tæki til mekanóterapí
- úr 90.19: búnaður til réttilækninga
- úr 90.20: röntgentæki
91. kafli: Úra- og klukkusmíði
92. kafli: Hljóðfæri, hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki; mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutningstæki fyrir sjónvarp, hlutar og fylgihlutir til þess konar vara
94. kafli: Húsgögn og hlutar til þeirra; sængurfatnaður, dýnur, rúmbotnar, púðar og áþekkur stoppaður húsbúnaður, þó ekki:
- úr 94.01A: flugvélasæti
95. kafli: Hlutar og framleiðsla úr útskurðar- eða mótunarefni
96. kafli: Sópar, burstar, duftpúðar og síur
98. kafli: Ýmsar framleiddar vörur

3. viðbætur

SKRÁR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 58. GR. TILSKIPUNAR 2014/24/ESB

- á Íslandi „Ríkisskattstjóri“,
- í Liechtenstein, „Gewerberegister“ og „Handelsregister“,
- í Noregi, „Foretaksregisteret“.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 98/2016

2017/EES/73/33

frá 29. apríl 2016

um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2170 frá 24. nóvember 2015 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2171 frá 24. nóvember 2015 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2172 frá 24. nóvember 2015 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga ⁽³⁾.
- 4) XVI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi texti bætist við í 2. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32015 R 2170:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2170 frá 24. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 5).“

2. Eftirfarandi texti bætist við í 4. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32015 R 2171:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2171 frá 24. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 7).“

3. Eftirfarandi texti bætist við í lið 6f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32015 R 2172:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2172 frá 24. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 9).“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 5.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 7.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 9.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldu reglugerðanna (ESB) 2015/2170, (ESB) 2015/2171 og (ESB) 2015/2172, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2016 frá 29. apríl 2016 (†), hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(†) Stjútö. ESB L 85, 30.3.2017, bls. 53 og EES-viðbæti nr. 19 frá 30.3.2017, bls. 52.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2016

2017/EES/73/34

frá 29. apríl 2016

um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1986 frá 11. nóvember 2015 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 842/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1986 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 842/2011 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XVI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB):

„6g. **32015 R 1986**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1986 frá 11. nóvember 2015 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 842/2011 (Stjútíð. ESB L 296, 12.11.2015, bls. 1).“

2. Texti liðar 6d (framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 842/2011) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/1986, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2016 frá 29. apríl 2016 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 296, 12.11.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 222, 27.8.2011, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 85, 30.3.2017, bls. 53 og EES-viðbæti nr. 19 frá 30.3.2017, bls. 52.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 100/2016**

2017/EES/73/35

frá 29. apríl 2016

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2119 frá 20. nóvember 2015 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna framleiðslu á þiljum að meginhluta úr víði ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1fl (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/768/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„1fm. **32015 D 2119**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2119 frá 20. nóvember 2015 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna framleiðslu á þiljum að meginhluta úr víði (Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 31).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2015/2119, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2015 frá 25. september 2015 ⁽²⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 31.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 85, 30.3.2017, bls. 53 og EES-viðbæti nr. 19 frá 30.3.2017, bls. 52.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 101/2016

2017/EES/73/36

frá 29. apríl 2016

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2002 frá 10. nóvember 2015 um breytingu á I. viðauka C og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 32c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 R 2002:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2002 frá 10. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 294, 11.11.2015, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/2002, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 294, 11.11.2015, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2016**

2017/EES/73/37

frá 29. apríl 2016

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/114 frá 28. janúar 2016 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána fyrir 2017 yfir aukamarkbreytur varðandi heilbrigði og heilbrigði barna ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18ie (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/245) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18if. **32016 R 0114**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/114 frá 28. janúar 2016 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána fyrir 2017 yfir aukamarkbreytur varðandi heilbrigði og heilbrigði barna (Stjútíð. ESB L 23, 29.1.2016, bls. 40).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/114, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 23, 29.1.2016, bls. 40.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 103/2016

2017/EES/73/38

frá 29. apríl 2016

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2113 frá 23. nóvember 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IAS-staðla 16 og 41 ⁽¹⁾.
- 2) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 R 2113:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2113 frá 23. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/2113, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 7.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.